

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Spöngin 3-5 vesturhluti, Móavegur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. janúar 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að miðsvæði milli Móavegar og Borgarvegar breytist í íbúðarsvæði. Jafnframt er nýr þéttingarreitur skilgreindur þar sem gert er ráð fyrir um 100 nýjum íbúðum.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. janúar 2008.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.